stöðu hefur hann unnið sig áfram til enn betri meðferðar; frá sumarnæturmynd (nr. 9) með gnæfandi klettaveggi í dimmblárri nótt til víðrar uppsetningar í „Sommerdag ved Elven“ með óskertum sjónhring og tæru lofti, og í „Ved Elven“ með ríkulegri tilbreytni og hlýrri góbelínáferð. Með þessum listrænu áherslum á raunverulegt landslag hefur hann tengt saman ímyndunaraflið og tilfinninguna fyrir sérstæðri fegurð lands síns. Mynd eins og „Aftenstemning ved Klöften“ getur aðeins verið íslensk með ástríður sagnanna og þrár í kvöldroðanum ofar gjánni fyllta skuggum áfallandi nætur.“

Þannig komust menn í ham við að skoða sýningu Kjarvals á Charlottenborg þar sem Tove sat um daga fram að nýári og gætti listaverkanna. Hún seldi aðra mynd og fékk níu hundruð krónur fyrir hana. Kaupandinn hét Fugman og var tengdafaðir Jóns Engilberts. Undir lok sýningarinnar kom Leo Svane, forstjóri Ríkislistasafnsins, og vildi endilega fá tvær myndir eftir Kjarval, en hafði því miður enga peninga handbæra. Tove lét undan óskum hans og afhenti honum tvær myndir upp á krít. Tilstandið í kringum sýninguna og undirbúningurinn að henni gekk svo nærri Tove að hún lagðist í rúmið, þegar þessu var lokið, en þó ekki fyrr en hún hafði sótt myndirnar út á Charlottenborg.

Um níu hundruð manns sótti sýninguna og þótti það mikið svona rétt fyrir jólin. Kennarar Kjarvals komu og voru undrandi og glaðir, og málarar komu oft og stóðu lengi við í hvert sinn. Þá tóku blöðin við sér og birtu viðtöl og sögur um Kjarval sem víst var nóg af strax á þessum dögum. En þótt Tove væri komin í rúmið af þreytu og áhyggjum, sem voru að vísu að baki, skrifaði hún Ragnari og tilkynnti honum að nú yrði að fylgja sigrinum eftir. Nú þyrfti að skipuleggja sýningar á Norðurlöndum, í Berlín, München, kannski París og London. Ekki mátti byrja síðar enn í febrúar í Osló. Og nú átti Ragnar að tala fyrir þessu í Menntamálaráði og við íslensku ríkisstjórnina. Og til þess að farandsýningin yrði Kjarval og Íslandi til nógu mikils sóma yrði að fá allar bestu myndirnar hans, andlitsmyndir, landslagsmyndir og vatnslitamyndir. Í Kaupmannahöfn taldi Tove engin tormerki á því að fá myndir Kjarvals í konungseigu lánaðar, og hún taldi auðvelt að fá konunginn til að koma á stórsýningu Kjarvals á Charlottenborg. En auðvitað yrði Kjarval sjálfur að koma. Hann hafði ekki látið verða af því að fara til Kaupmannahafnar um jólin, eins og hann hafði minnst á í skeyti. En hvað sem þessu leið var þegar byrjað að vinna að sýningarhaldinu í Noregi og Svíþjóð. Þetta var í byrjun ársins 1932 og þótt Tove væri svo þreytt að hún gæti varla lokið bréfi til Ragnars minntist hún aðskilnaðar hennar og Kjarvals með þessum orðum: „Der er snart gaaet 7 aars ulykkelige dage. Nu skal det vær forbi.“

Ekkert varð úr þeirri hugmynd Tove Kjarval að koma á fót farandsýningu með verkum Kjarvals, sem flyttist borg úr borg svo fólk gæti séð að á Íslandi væri maður sem óhikað mætti skipa í hóp þeirra listmálara sem vegna sérstöðu og snilldar sæti innstu bekki málaralistarinnr. Haustið 1932 var að vísu opnuð sýning á íslenskri list í Stokkhólmi á vegum Norræna félagsins og Sænsk-íslenska félagsins vegna íslenskrar viku í höfuðborg Svía með níu verkum eftir Kjarval meðal annarra. Og í nóvembermánuði sama ár var sama sýning opnuð í Osló. Annað gerðist ekki. Að vísu benti þetta til áhuga á íslenskri list í þessum löndum, en sýningarnar urðu ekki til að auka veg Kjarvals sérstaklega og ekkert í líkingu við þau áhrif sem einkasýningar á verkum hans í mörgum af höfuðborgum Vestur-Evrópu hefðu gert ef svo hefði til tekist að hugmyndir Tove Kjarval hefðu ræst. Hið gamla hélublóm í garði listanna hafði haft yfirhöndina — peningaleysið, sem oftar en hitt hefur ráðið örlögum íslenskra listamanna.

Peningaleysið hafði jafnvel komið í veg fyrir að Kjarval héldi til Kaupmannahafnar vegna sýningarinnar á Charlottenborg, eins og hann hafði hálfvegis heitið Tove og börnunum í skeyti. Ragnar Ásgeirsson skrifaði Tove um ástæðuna en hana hafði grunað fyrir að Kjarval væri tepptur á Íslandi. Hún frétti einnig að hann væri orðinn lasinn. „Ég þekki hann,“ skrifaði hún. „Því slær inn hjá honum. Bara að þið fengjuð bráðum peninga.“ Hún kvaðst mundu reyna að selja myndirnar og senda peninga þótt Kjarval hefði skrifað að hún ætti að eiga myndirnar. Hún dró í efa þá sögu sem birst hafði í blöðum ytra að hann hefði selt málverk fyrir tíu þúsund krónur árið 1931 og benti á að hún hefði ekki fengið senda peninga síðan í júlímánuði fyrir utan sjötíu og fimm krónur í afmælisgjöf. Og enn var hún með stórsýningu í huga og vildi vita hvort Kjarval kærði sig um hana. Vegna hennar yrði hann að koma út. Hún beið eftir svari um þetta og hvatti til að „þeir“ styddu hann, og átti hún þá við Menntamálaráð.

En málið fjaraði smám saman út. Síðasta tilraun var að fá Jón Helgason, prófessor í Höfn, til að skrifa formanni Sænsk-íslenska félagsins í Stokkhólmi og hvetja þá að bjóða Kjarval að halda sýningu. Sú tilraun endaði með samsýningu um haustið, og óttaðist þá Tove að ríkið myndi ekki styrkja Kjarval til sérstaks sýningarhalds fyrst það ætlaði að styrkja samsýninguna. Hún kvaðst hafa heyrt að minnst hefði verið að málið við Jónas Jónsson og vildi vita hverjar undirtektir hefðu orðið eða hvort þær hefðu yfirleitt verið nokkrar. Tove hélt enn fast við hugmynd sína um farandsýningu. Hún sagðist geta leitað til Signe Liljequist í Helsingfors, Fabers, blaðafulltrúa í danska sendiráðinu í Berlín, og í London myndi hún fá hjálp gagnrýnenda og blaðamanna sem þegar hefðu leitað eftir efni um Kjarval handa amerískum og enskum blöðum. Síðasta bréfi til Ragnars um þetta mál lauk á orðunum: „Jeg er spænd að höre fra dig,“ en Ragnar gat engu um þokað.

Einsemd og metnaður

rak Kjarval áfram

— segir Indriði G. Þorsteinsson rithöfundur sem skráð hefur ævisögu málarans

100 ár eru um þessar mundir liðin frá því að Jóhannes Sveinsson, sem síðar tók sér nafnið Kjarval, kom í þennan heim. Lesbók hefur þegar skýrt frá mikilli yfirlitssýningu á verkum hans sem sett hefur verið upp á Kjarvalsstöðum en fleira er gert til að minnast meistarans. 15. október, á fæðingardegi hans, birtist ævisaga Kjarvals í tveimur bindum, mikið rit sem Indriði G. Þorsteinsson hefur skrásett. Hann var spurður um tildrög þess að hann tók þetta verk að sér.

„Það gerði ég að frumkvæði Reykjavíkurborgar. Borgin hóf að undirbúa þetta afmæli, eða hvað sem á að kalla það, árið 1976 og þá sat ég fund með Ólafi B. Thors og Davíð Oddssyni sem áttu sæti í húsnefnd Kjarvalsstaða. Samningar voru undirritaðir skömmu síðar og borgin samdi svo við Almenna bókafélagið um að gefa verkið út. Ég er mjög ánægður með það hversu útgáfan hefur vandað vel til verksins. Eiríkur Hreinn Finnbogason útgáfustjóri var mér mjög hjálplegur og Hafsteinn Guðmundsson var fenginn til að sjá um útlitið. Það er afar fallegt, eins og Hafsteins var von og vísa. Þá valdi Franz Ponzi málverk í bókina en ég vil taka það fram að málverkamyndirnar eru fyrst og fremst birtar í sögulegu samhengi, ef svo má segja. Þetta er ekki listaverkabók og raunar fjallar hún ekki um list Kjarvals í sjálfu sér. Þetta er ævisaga og hún fjallar um ævi hans.“

— Hvernig vannst þú þessa bók?

„Ég byrjaði ekki að skrifa fyrir alvöru fyrr en upp úr áramótum '84 en tímann fram að því hafði ég notað til að viða að mér gögnum, ræða við fólk sem þekkti Kjarval og svo framvegis. Ég hef ekki tölu á því hversu marga ég ræddi við en þeir skipta mörgum tugum. Það var sennilega eins gott að þetta verk var unnið núna því eins og eðlilegt er fer samferðamönnum Kjarvals óðum fækkandi. Það var síðast nú í haust að ég hringdi til manns sem ég hafði talað við áður og ætlaði að fá nánari skýringar á einhverju smáatriði. Þá var mér sagt að maðurinn væri dáinn. Ég baðst bara afsökunar og kvaddi. Annars olli það mér einna mestum vandræðum að greiða úr öllum þeim prívatævisögum af Kjarval sem fólk hafði komið sér upp. Hann var svo fjölþættur maður og hafði mörg andlit, eftir því við hvern hann talaði. Ég efast um að hann hafi átt fleiri en þrjá fjóra vini sem hann birti sinn innra mann undanbragðalaust. Ég þurfti því að vinna úr ótal útgáfum af Kjarval og reyna að fara eins nærri honum og kostur var.“

„Þú verður að mennta þig, Jói bróðir . . .“

— Heldurðu að þér hafi tekist að finna hans innri mann?

„Já, ég held minnsta kosti að mér hafi tekist að komast býsna nálægt honum. Hann skildi líka eftir sig mikið af alls konar gögnum þar sem hann birtist sjálfur en ekki í neinu Sjeikspírsku hlutverki. Burtséð frá því að það er ég sem skrifa þessa bók þá held ég að það sé mikill fengur að ævisögu Kjarvals. Auðvitað hafa áður komið út ágætar bækur um hann: Björn Th. Björnsson skrifaði ljómandi vel um list hans, Matthías Johannessen skráði merkileg samtöl við hann og Thor Vilhjálmsson skrifaði ágætar fúnderingar um meistarann — en raunverulega ævisögu hefur okkur skort. Og það hefur verið skaði því þetta var stórmerkilegur maður. Athugaðu að hann var í raun og veru 19. aldar maður. Hann var kominn undir tvítugt þegar hann hætti smalamennsku í Geitavík í Borgarfirði eystra og kom hingað suður til að fara að mála. Um sama leyti komu þeir fram, Jón Stefánsson og Ásgrímur Jónsson, og þessir þremenningar urðu á skömmum tíma máttarstólpar hinnar nýfæddu íslensku málaralistar. Þeir komu í rauninni úr engu en máluðu þannig að þjóðir með margra alda hefð í málaralist tóku bara ofan. Að vísu var Þórarinn B. Þorlaksson kominn á undan þeim en hann var miklu hreinni natúralisti og svolítið annars eðlis.

Gáfa þessara þremenninga og metnaður var alveg með ólíkindum og sýnir vel það öldungis sérstaka líf sem þrifst með þessari



Indriði G. Þorsteinsson

þjóð hér í fásinninu. Þeir voru ákveðnir í að ná árangri í list sinni og Ásgrímur var til dæmis kennari Kjarvals um tíma kringum 1908 en komst að vísu fljótt að því að það var ekki hægt að kenna honum neitt. Um sama leyti hrósaði Einar Ben. Kjarval upp í hástert, Tryggvi Gunnarsson kom daglega á sýningu sem hann hélt en sjálfur var hann ekki ánægður. Þá kom til hans bróðir hans, Ingimundur fiðla, sem talinn var vitlaus, og sagði við hann: „Þú verður að mennta þig, Jói bróðir, annars verður þú bara eins og ég!“ Og Jói bróðir fór út og sneri til baka þrælmenntaður málari sem hafði allar stefnur á valdi sínu. hann var alveg fordómalaus maður, Kjarval.“

— En hvernig var líf hans eftir að hann kom heim?

„Það var óskaplegt basl lengi framan af. Hverjir áttu að kaupa myndir á Íslandi kringum 1920? Það bætti ekki úr skák hvað hann var óhemju afkastamikill, málaði eitthvað um 5.000 myndir á ferli sínum.“

Metnaður fyrir Íslands hönd

— Hvað rak hann áfram til þessara miklu afkasta?

„Annars vegar,“ svaraði Indriði hiklaust, „var það einsemdin. Kjarval var oftast einn. Hins vegar var það metnaður sem enginn skilur lengur: metnaður fyrir Íslands hönd. Þessir menn vildu mála Ísland fyrir Ísland og Íslendinga. Þeir vildu rjúfa einangrun landsins, þeir voru brautryðjendur og um brautryðjendur gilda önnur lögmál en þá sem á eftir koma. Þeirra hlutskipti er einsemd og söknuður. Eftir að Tove skildi við hann og fór út aftur talaði hann stundum um að gera myndir

Eftir **ILLUGA JÖKULSSON**

úr söknuði sínum. Raunar lít ég svo á að hún hafi eiginlega ekki skilið við hann, heldur bara farið til þess að vinna fyrir sér. Hér á Íslandi var ekkert nema basl, eymd og viðburðaleysi. Viðburðaleysið var verst. En svo saknaði hún manns síns alla tíð. Sagan af Gunnlaugi Scheving og hinni dönsku eiginkonu hans er í rauninni ótrúlega svipuð — þær fóru báðar.“

— En heldurðu að Kjarval hafi aldrei þótt freistandi að hasla sér völl í útlöndum?

„Aldrei. Hann var svo bólusettur fyrir útlöndum að hann hafði meira að segja megnustu andúð á því þegar hann þurfti að fara og vera viðstaddur sýningar sínar erlendis. Vinir hans gátu stöku sinnum fengið hann til þess með lempni. „Minn staður er hér,“ sagði Kjarval.“

— Var eitthvað sérstakt sem kom þér á óvart við Kjarval þegar þú fórst að grúska í ævi hans?

„Eiginlega allt. Auðvitað þekkti ég talsvert til hans, ég hafði verið í blaðamennsku og talaði þá nokkrum sinnum við hann en það var allt í skötulíki. Ef hann þurfti að tala við fleiri en tvo eða þrjá saman, brá hann sér umsvifalaust í einhverja rulluna sína. Það sem kom mér eiginlega mest á óvart, voru þær sterku mannlegu eigindir sem hann bjó yfir. Ég leit á hann sem einhvers konar afkastamaskínuu sem framleiddi stórkostleg málverk en leiddi lítið hugann að manninum sjálfum. Svo reynist hann hafa verið ótrúlega mannlegur og það hefur verið mér mikil lífsreynsla að vinna að þessari ævisögu. Áður var ég hrifinn af honum en næsta passífur móti því sem nú er. Nú lít ég á hann sem einn af þeim jötnum sem eru svo sorglega sjaldgæfir meðal vor. Hann var í rauninni fábrotinn en stór í sínum einfaldleika.“

Kjarval fær enga þögn

— Telurðu að hann eigi eftir að halda stöðu sinni í íslenskri myndlist er fram líða stundir?

„Já, það er ekki vafi á því. Hann er orðinn þjóðareign ekki síður en Íslendingasögurnar og Jónas Hallgrímsson. Kjarval er kannski meiri þjóðareign en þeir samtímamenn hans, Ásgrímur og Jón Stefánsson, vegna þess að hann stóð nær náttúru landsins, landinu og fólkinu. Þetta var hans bensín og vélin var stór. Ég á von á því að erlendis verði hann uppgötvaður upp á nýtt einhvern tíma í framtíðinni en hér heima lifir hann alla tíð. Það má hafa það í huga að hann fékk ekkert bakslag í seglin eftir lát sitt eins og hefur þó hent marga ágæta listamenn; þeir hafa fengið þögnina með sér niður í grafardjúpið en orðið stórir samt. En Kjarval — hann fær enga þögn . . .“